



22. júní 2020  
Tilvísun: 2006101

Dreifibréf til rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Númer: 22/2020


**Efni: Drög að reglum um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, meðal annars um afmörkun á því hvort rekstraraðili teljist reka opinn sjóð, lokaðan eða bæði.**


Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 4/2020 sem inniheldur drög að nýjum reglum um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, meðal annars um afmörkun á því hvort rekstraraðili teljist reka opinn sjóð, lokaðan eða hvoru tveggja. Um er að ræða innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 694/2014 frá 17. desember 2013 um tegundir rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Reglurnar verða settar með stoð í 5. tl. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 31. júlí nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í meðfylgjandi umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is)

Virðingarfyllt,

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra

  
Grímur Sigurðarson  
lögfræðingur  
skrifstofa bankastjóra

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is) · BRÉFASÍMI: 569 9605